

## Námsáætlun – Haust 2016

Námshættir: Íslenska 7. bekkur IKG og KJ

Kennari: Fríða Pétursdóttir (4 kest.), Ingibjörg Kristín Gunnarsdóttir (2 kest.) og Karen Jóhannsdóttir (2 kest.).

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um breytingar

Í kennslustundum er lögð áhersla á málnotkun í víðu samhengi; lestur, lesskilning, málfræði, stafsetningu, umræður, túlkun og mat. Almenn hefst kennslustundir á upprifjun og kynningu kennara sem fylgt er eftir með margvíslegri verkefnavinnu. Nemendur vinna ýmist einir, í þörum eða hópum. Í bókmenntum er lögð sérstök áhersla á umræður og skoðanaskipti og að nemendur leysi verkefni í samvinnu við aðra. Gert er ráð fyrir heimavinnu og munu upplýsingar um hana birtast á Mentor. Nemendur eru hvattir til að sinna heimanámi vel og muna sérstaklega eftir því að lestur er mikilvæg heimavinna.

Umsjónarkennarar kenna sínum umsjónarþekkt 2 stundir á viku og munu í þeim tímum einbeita sér að því að efla lestur.

Með markmiðum námsáætlunar í íslensku er stefnt að því að nemendur nái tökum á þeim hæfniviðmiðum sem kveðið er á um í Aðalnámskrá grunnskóla 2013). (<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>).

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Ágúst - september	<b>Stefnt er að því að nemandi:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• skrifi læsilega og af öryggi og vandi uppsetningu verkefna</li><li>• geti tjáð hugmyndir sínar á skapandi hátt</li><li>• geti beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar</li></ul>	<b>Lota 1</b> Lestur og ritun  Námsbókin Skrudda lögð til grundvallar.	Nemendur vinna ýmis verkefni undir leiðsögn kennara, ræða saman og kryfja til mergjar.  Heimalestur og verkefni sem þarf að undirbúa heima að einhverju leyti.	Verkefnum er safnað og þau lögð til grundvallar mati.
September	<ul style="list-style-type: none"><li>• geti gert sér grein fyrir eigin máli og hafi skilning á gildi þess að bæta það</li></ul>	<b>Lota 2</b> Málrækt  Námsbókin Málrækt 3 lögð til grundvallar.	Miðað er við að vinna fari að mestu fram í skólanum og kennari leggi línurnar um verkefnavinnu.	

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti beitt þekkingu sinn á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og geri sér grein fyrir fjölbreytileika málsins</li> <li>• gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a.</li> <li>• geti beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað</li> </ul>	Almenn umfjöllun um málið þar sem áhersla er á setningar og málsgreinar.	Nemendur sem vinna ekki samkv. námsáætlun bera ábyrgð á að vinna það upp.	
September – október	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar</li> </ul>	<b>Lota 3</b> Stafsetning  Námsbókin Mál í mótun er lögð til grundvallar.	Kennari leggur línur um áherslu- og efnisþætti.  Miðað er við að vinna fari fram í skólanum. Nemendur sem vinna ekki samkvæmt námsáætlun bera ábyrgð á að vinna það upp.	Stafsetningarkannanir
Október - nóvember	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti tjáð sig skýrt og áheyrilega og geri sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar</li> <li>• geti tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda</li> <li>• geti tekið þátt í samræðum og rökræðum</li> </ul>	<b>Lota 4</b> Framsögn og tjáning  Námsbókin Skrudda lögð til grundvallar.	Nemendur vinna ýmis verkefni undir leiðsögn kennara, ræða saman og kryfja til mergjar.	Æfingar þar sem reynir á þá hæfni sem stefnt skal að.

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum</li> </ul>			
Nóvember - desember	Sjá markmið í 2. lotu.	<b>Lota 5</b> Málrækt  Kennslubókin Málrækt 3 lögð til grundvallar.	Miðað er við að vinna fari að mestu fram í skólanum og kennari leggi línurnar um verkefnavinnu.  Nemendur sem vinna ekki samkv. námsáætlun bera ábyrgð á að vinna það upp.	
Desember	Unnið áfram með markmið 1. og 4. lotu. <ul style="list-style-type: none"> <li>• geti nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.</li> </ul>	<b>Lota 6</b> Lestur og ritun Hlustun og áhorf	Nemendur vinna ýmis verkefni undir leiðsögn kennara, ræða saman og kryfja til mergjar.  Heimalestur og verkefni sem þarf að undirbúa heima að einhverju leyti.	Nemendur safna verkefnum sem lögð eru til grundvallar mati.  Í lok annar er gert ráð fyrir að leggja fyrir próf þar sem könnuð verður hæfni nemenda í þeim námsþáttum sem unnið hefur verið með á önninni.

Námsgrein: Stærðfræði

Kennarar: Sigríður Hreinsdóttir og Sigurjón Magnússon

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnispættir	Kennsluhættir	Námsmat
ágúst - september	Að nemandi: <ul style="list-style-type: none"><li>• notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman,</li><li>• notað tugakerfisríthátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi,</li><li>• reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum,</li><li>• tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi,</li><li>• notað tugabrot við útreikninga á daglegum viðfangsefnum,</li><li>• nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu,</li><li>• leyst viðfangsefni sem spröttin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum,</li><li>• þekki helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn.</li></ul>	Tölur og reikningur Tugabrot	Unnið verður með stórar tölur með samlagningu og frádrætti. Farið verður í sætiskerfi og negatívar tölur ásamt tugabrotum.	

október	<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna,</li> <li>• valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.</li> <li>• tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota skráningu með tölum, texta og teikningum,</li> <li>• rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því m.a. að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni,</li> <li>• leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu,</li> <li>• sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi,</li> </ul>	Tölfræði	Unnið verður með tölfræðilegar kannanir, myndrit og fleiri hugtök tölfræði í líkindareikningi. Í	Próf úr efnispáttum.
nóvember	<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>•kunni að deila og margfalda,</li> <li>• skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu,</li> <li>• notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum,</li> </ul>	Margföldun og deiling	Unnið verður á fjölbreyttan hátt við að deila og margfalda, s.s. með tölvuforritum, spilum og leikjum.	Próf úr efnispáttum. Verkefni útikennslu metin ásamt heimavinnu.
desember	<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• áttað sig á möguleikum og takmörkum stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum.</li> </ul>	Rúmfræði	Unnið með ýmislegt sem tengist rúmfræði og formum.	Próf úr efnispáttum.

	<ul style="list-style-type: none"><li>• sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi,</li></ul>			
--	--	--	--	--

Námsgrein: Náttúrufræði

Kennari: Ingibjörg Kristín Gunnarsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
ágúst- janúar	<p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum</li> <li>framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni</li> <li>útskýrt texta um náttúrufræði sér til gagns og farið eftir einföldum munnlegum og skriflegum fyrirmælum</li> <li>beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið</li> <li>sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt</li> <li>hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.</li> <li>þekki áhrif mannsins á náttúru- og manngert umhverfi í heimabyggð</li> </ul>	<p>Lífríkið í fersku vatni Fjallað um lífverur í vatni, eiginleika þeirra og aðlögun Hringrás vatns</p> <p>Ár, vötn og mýrar í heimabyggð</p> <p>Samfélög lífvera og vistkerfi</p> <p>Vísindaleg vinnubrögð</p>	<p>Vettvangsferðir í nágrenni skólans</p> <p>Sýni tekin úr Hundatjörn, athuganir og skýrslugerð</p>	<p>Hópavinna metin Símat Skýrslugerðir og kynningar nemenda hafðar til grundvallar námsmati Stuttar kannanir við lok efnisþátta</p>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Útskýrt hvernig landslag mótast og breytist í tímans rás</li> <li>• Lýst einkennum plantna og dýra í fersku vatni, tengslum þeirra innbyrðis og aðlögunarhæfni</li> <li>• Lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóðum</li> </ul>			
Janúar-júní	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Útskýrt hvernig tækninotkun og sjálfvirkni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra</li> <li>• Fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru</li> <li>• Lýst dæmum um áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni</li> <li>• Gert grein fyrir notkun manna á auðlyndum</li> <li>• Lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd</li> <li>• Dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs</li> </ul>			



	<ul style="list-style-type: none"><li>• Gert grein fyrir og nefnt dæmi um efnabreytingar og hamskipti</li><li>• Bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, notkun þeirra og áhrif á heilsu manna og umhverfi</li><li>• Fundir leiðir og rætt um hvernig spara má orku á heimilum</li><li>• Þekki byggingareiningar efnisheimsins; frumeindir, sameindir, frumefni og efnasambönd</li><li>• Rætt og útskýrt hvernig frumefni og efnasambönd eru táknuð</li></ul>			
--	--	--	--	--

Námsgrein: Enska

Kennari: Karen Jóhannsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Sept -maí	<p><b>Lykilhæfni:</b>  <b>Að nemandi geti</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi,</li> <li>• sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim,</li> <li>• skipulagt eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.</li> <li>• gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það,</li> <li>• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína,</li> </ul>	Markmiðasetning	Nemendur setja sér persónuleg markmið og meti þau í lokin.	Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið. Áætlun nemenda metin. Sjálfsmat nemenda er hluti af mati. Metnir eru 5 þættir: Hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn og ritun.
Sept – maí	<p><b>Að nemandi geti...</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum,</li> <li>• fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni,</li> <li>• fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er</li> </ul>	Hlustun	Hlustunaræfingar eru í hverri viku. Einföld fyrirmæli eru lögð fyrir nemendur og kannað hvort þeir skilji. Nemendur hlusta á efni sem fylgir kennslubók og svara í vinnubók. Nemendur horfa á stutta þætti og myndir og greina frá	Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið. Hlustunarverkefni í vinnubók metin, hlustunarpróf og verkefni.

	kunnuglegt úr heimi barna og unglunga og greint frá því helsta.		efni þeirra í grófum dráttum, skriflega og/eða munnlega.	
Sept – maí	<p><b>Að nemandi geti...</b> skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu,</li> <li>• lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglunga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.</li> </ul> <p><b>Lykilhæfni:</b> <b>Að nemandi geti...</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám,</li> </ul>	Lesskilningur	Lesskilningsæfingar eru nokkrum sinnum yfir önnina. Nemendur lesa ýmsan texta t.d úr kennslubók, greinar úr blöðum og af neti og svara spurningum til að kanna skilning. Nemendur finna upplýsingar í textanum.	Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið. Lesskilningspróf og verkefni í vinnubók metin reglulega.
Sept – maí	<p><b>Að nemandi geti...</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista,</li> <li>• lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi,</li> <li>• skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst,</li> <li>• samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.</li> </ul>	Ritun	Ritunaræfingar eru reglulega, annað hvort verkefni úr vinnubók Action eða sérvalin.	Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið. Nemendur fá leiðsagnamat fyrir ritunarverkefni.

Sept – maí	<p><b>Að nemandi geti...</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst</li> <li>• skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu,</li> <li>• tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.</li> </ul>	Samskipti	<p>Nemendur semja spurningar sem líklegt er að þeir þurfi að spyrja að erlendis. Þeir búa líka til svör og æfa samtalsþátt.</p> <p>Nemendur ræða og spyrja hvern annan um les- og hlustunartexta úr námsbókunum.</p>	Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið.
Sept – maí	<p><b>Að nemandi geti...</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt,</li> <li>• endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv.,</li> <li>• flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.</li> </ul> <p><b>Lykilhæfni:</b></p> <p><b>Að nemandi geti...</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla,</li> <li>• gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum,</li> <li>• tjáð hugsanir sínar og tilfinningar skipulega og á viðeigandi hátt með ýmsum miðlum.</li> </ul>	Frsögn	<p>Nemendur skrifa stuttar kynningar um ýmis efni og kynna fyrir bekknum.</p>	<p>Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið. Stuttmynd, samtöl Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla raðast nemendur á 3 stig eftir getu. Í 7. bekk ættu nemendur að vera að ljúka 1. stigi. Metið er hversu sterkir þeir eru á stiginu á skalanum A, B,C og D.</p>

Námsgrein: Danska

Kennari: Anna Guðrúnu Jóhannesdóttir

Með fyrirvara um breytingar

Timabil	Markmið/ hæfniviðmið	Viðfangsefni/ náms efni	Verkefni	Mat/Verkmappa
26.ágúst – 24. okt.	<ul style="list-style-type: none"><li>• Nemendur geti skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt.</li><li>• Nemendur geti fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um mat og skólann og bæinn sinn með stuðningi af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað þær upplýsingar í eigin verkefni.</li><li>• At bringe mere liv, leg og variation ind i undervisningen ved hjælp af bl.a. praktisk, musik, konkret- og emneorienterede aktiviteter.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Smart, bls. 20-38</li><li>• Vinnubók með Smart bls. 33-67</li><li>• Sproglege</li><li>• Ýmislegt annað tilfallandi efni sem tengist viðfangsefninu.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Vinnubók</li><li>• Umræðu-verkefni</li><li>• Para- og Hópverkefni</li><li>• „We Walk the Talk“ verkefni frá kennara.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Vinnubók</li><li>• 3 kannanir, bls. 20-38 úr Smart.</li><li>• Þátttaka nemenda í sproglegene.</li></ul>

<p><b>27. okt. – 12. des.</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur geti skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum og athöfnum.</li> <li>• Nemendur geti haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá námsefni með eðlilegum framburði um t.d. tilfinningar, áhugamál sín.</li> <li>• Nemendur geti tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtals-æfingar.</li> <li>• Nemendur geti fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Smart, bls. 40-54</li> <li>• Vinnubók með Smart bls. 68-96</li> <li>• Sproglege</li> <li>• Ýmislegt annað tilfallandi efni sem tengist viðfangsefninu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnubók</li> <li>• Umræðu-verkefni</li> <li>• Para- og Hópverkefni</li> <li>• „We Walk the Talk“ verkefni frá kennara.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnubók</li> <li>• 2 kannanir, bls. 40-54 úr Smart.</li> <li>• Þátttaka nemenda í sproglegene.</li> </ul>
<p><b>15.-19.des. Upprifjun og klára verkefni.</b></p>				

Námsgrein: Myndmennt 7. bekkur

Kennari: Aðalbjörg María Ólafsdóttir

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Skólaárið 2016-2017	<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Hagnýtir í einföldum verkefnum leikni sem hann hefur öðlast</li> <li>- Beiti þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hát</li> <li>- Sýnir frumkvæði og skapandi úrlausnir í hugmyndavinnu og útfærslu hugmynda</li> <li>- Vinnur eftir fyrirmælum um verkefnavinnuna</li> <li>- Fer eftir reglum um umgengni og frágang</li> </ul>	<p>Læsi – að lesa í myndir</p> <p>Túlkun og tjáning</p> <p>Myndræn frásögn</p> <p>Hugmyndavinna – útfærsla hugmynda</p>	<p>Kynning</p> <p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar einstaklingsleiðsögn</p>	<p>Frammistöðumat –</p> <p>Símat - byggt á hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla – s.s. hugmyndavinnu, tækniþjálfun og framkvæmd. Vinnuferli er metið til jafns á við fullunnið verk.</p> <p>Tekið tillit til virkni og vinnubragða, umgengi um efni og áhöld og frágangs á vinnusvæði.</p>
	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Vinnur hugmynd frá skissu að lokaverki</li> <li>- Byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknnum og reynslu</li> <li>- Vinnur með mismunandi sjónarhorn, auk nálægðar og fjarlægðar, í eigin sköpun</li> </ul>	<p>Grenndarfræði – form og litir</p> <p>Myndbygging – form og litir</p>	<p>Innlögn – fyrirlestur</p> <p>Verklegar æfingar einstaklingsleiðsögn</p>	<p>Símat - leiðsagnarmat</p> <p>Sjálfstæð vinnubrögð</p> <p>Frumkvæði og tilraunir</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p>
	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Nýtir sér mismunandi efni, verkfæri og miðla í eigin sköpun</li> <li>- Vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar</li> </ul>	<p>Mótun þrívíðra hluta</p> <p>Hugmyndavinna og útfærsla hugmynda í formi og lit</p>	<p>Innlögn – fyrirlestur</p> <p>Sýnikennsla</p> <p>Kynningarmyndband</p>	<p>Símat;</p> <p>Hugmyndavinna – útfærsla hugmynda</p>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Sýnir frumkvæði og skapandi úrlausnir í hugmyndavinnu og útfærslu hugmynda</li> <li>- Sett verkefni sín í menningarlegt samhengi</li> <li>- Beiti fjölbreyttu formi og stíl til þess að skapa á sjálfstæðan hátt verk byggð á eigin hugmyndum</li> <li>- Beiti á sjálfstæðan hátt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir</li> </ul>	<p>Listasaga, listastefnur, listamenn – tjáning og túlkun í myndverkum</p> <p>Að teikna eftir fyrirmyndum</p> <p>Vinnuteikningar</p> <p>Fjarvídd – einföld þekkingaratriði og reglur</p>	<p>Verklegar æfingar Einstaklingsleiðsögn</p> <p>Verklegar æfingar Einstaklingsleiðsögn</p> <p>Innlögn Verklegar æfingar Einstaklingsleiðsögn</p>	<p>Frumleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum</p> <p>Þrautseigja og metnaður</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> <p>Umgengni og frágangur á vinnusvæði</p>
	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Beitir fjölbreyttum aðferðum við úrvinnslu viðfangsefna</li> <li>- Nýtir miðla samtímans við úrvinnslu viðfangsefna</li> <li>- Gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu</li> <li>- Notað orðaforða og hugtök til að tjá skoðanir sínar á myndlist og hönnun og færð rök fyrir þeim út frá eigin gildismati</li> </ul>	<p>Rafrænir miðlar – þekkingaratriði myndlista</p> <p>Hugmyndavinna - staðreyndir og ímyndun</p>	<p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar einstaklingsleiðsögn</p> <p>umræður</p>	<p>Símat – leiðsagnarmat</p> <p>Gagnaöflun og úrvinnsla upplýsinga</p> <p>Sjálfstæð vinnubrögð</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p>
	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Noti mismunandi túlkun og greinir milli staðreynda og skoðana</li> <li>- Velur á milli mismunandi aðferða við eigin sköpun, prófar sig áfram og vinnur hugmyndir í fjölbreytta miðla</li> <li>- Er sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum</li> </ul>	<p>Sköpun – túlkun – tjáning</p>	<p>Innlögn</p> <p>Verklegar æfingar Einstaklingsleiðsögn</p>	<p>Frammistöumat</p> <p>Símat – leiðsagnarmat</p> <p>Vinnuferli metið til jafns á við fullunnið verk</p> <p>Frumleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum</p> <p>Tilraunir, lausnaleit</p>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>- Tjáð sig um verkefni sín með því að nota hugtök sem greinin býr yfir</li> <li>- Metið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem viðkomandi námsgrein býr yfir</li> </ul>	Umræður	Umræður	Verkefni metið m.t.t. markmiða sem sett voru Sjálfsmat nemenda
--	---	---------	---------	---

Námsgrein: Heimilisfræði 7. og 8. bekkur

Kennari: Þóra Gígja Jóhannsdóttir

Kennt verður 6 tíma á viku í ca 6-7 vikur.

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
1.vika 3x2 kennslust.	Að vinna eftir uppskrift og geta mælt dl. mats. tesk. ½ tesk ¼ tesk ¼ tesk Breytt gr. í dl. og öfugt. Að efla verkleg vinnubrögð og færni. Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar	Bakstursaðferðir. Matreiðsluaðferðir Fjölbreytt verkefni til að þjálfa og tileinka sér ákveðin vinnubrögð. Les og vinnubók Gott og gagnlegt 3, umræður um heilbrigðan lífsstíl	Innlögn, sýnikennsla, einstaklingskennsla, paravinna, samvinna. Nemendur vinna oftast tveir og tveir saman að ákveðnu verkefni eða þrír. Hver og einn fær þá einstaklingskennslu sem hann þarf á að halda.	Símat : sem byggir á virkni/vinnubrögðum, að taka tilsögn og tileinka sér ákveðin vinnubrögð, fara eftir fyrirmælum, umgengni um stofuna, frágang og samvinnu. Sjálfsmat byggir að mestu á því sama og símatið.
2.vika 3x2 kennslust.	Að þjálfa mismunandi bakstursaðferðir ásamt almennri matreiðslu og frágangi á vinnustað. Förum yfir vítamínin, hvaða hlutverki þau gegna fyrir líkamann.	Bakstur, steiking, suða. Grillum úti. Vinnum í bókinni Gott og gagnlegt um orkuefni, vítamín og steinefni (bóklegur tími)	Innlögn, sýnikennsla( ekki alltaf) útikennsla. Einstaklingskennsla, paravinna, samvinna. Útikennsla	Símat Sjálfsmat
3.vika 3x2 kennslust.	Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi. Tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla.	Verkleg vinna við að þjálfa ákveðin vinnubrögð og leikni. Vinnum með grænmetið úr matjurtagarðinum okkar og tengjum við sjálfbærni. Unnið í les og vinnubók.	Innlögn, sýnikennsla(stundum) Einstaklingskennsla, paravinna, samvinna.	Símat

4.vika 3x2 kennslust.	Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á sínu vinnusvæði. Tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð Matreitt einfaldar og hollar máltíðir. Þjálfist í mismunandi bakstursaðferðum	Unnið í Gott og gagnlegt Gamla matarvenjur, vinnsluaðferðir(súrsun, söltun, reyking, þurrkun) Meðferð og geymsla matvara- örverur. Fjölbreytt verkleg verkefni til að þjálfar nemendur í aðferðum og að vinna eftir uppskrift.	Innlögn, sýnikennsla (stundum) Einstaklingskennsla, paravinna, samvinna.	Símat Sjálfsmat
5.vika 3x2 kennslust	Unnið sjálfstætt eftir uppskrift við hæfi og notað til þess algengustu mæli og eldhúsáhöld. Átti sig á næringarefnunum í algengu fæði þar á meðal er fiskur, lýsi, grænmeti, ávextir, egg, kjöt, mjólkurvörur og fl.	Unnin verkefni upp úr Gott og gagnlegt Verkleg verkefni til að þjálfar sjálfstæð vinnubrögð og leikni. Samþætti matreiðslu og næringarfræði	Innlögn, sýnikennsla (stundum) Einstaklingskennsla, paravinna, samvinna.	Símat
6. vika 3x2kennslust	Metið útlit og gæði matvara og útskýrt hvernig á að geyma þau.  Að vera læs á einfaldar algengar umbúðamerkingar. Umhverfismerki, umbúðir, innkaup og flokkun.	Vinum í Gott og gagnlegt um meðferð og geymslu matvæla. Örverur og mikilvægi hreinlætis í meðferð matvæla. Skoðum innihaldslýsingar matvara.  Verkleg verkefni	Innlögn, sýnikennsla, einstaklingskennsla, samvinna, paravinna.	Símat Sjálfsmat
7.vika	Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.	Með sjálfsmati geta nemendur lagt mat á eigin verk og vinnubrögð.	Innlögn, sýnikennsla, para og samvinna, einstaklingskennsla/vinna,	Verklegt próf Sjálfsmat Símat

3x2 kennslust.	Geti unnið sjálfstætt eftir uppskrift og notað til þess algengustu mæli og eldhúsáhöld.	Verkleg og bókleg verkefni við hæfi, Verklegt próf.	Verklegt próf	Vinnubók metin
-------------------	---	--	---------------	----------------

Námsgrein: Hönnun og smíði

Kennari: Ólafur Viðar Hauksson

Tímabil	Hæfniviðmið	Efnisþættir	Kennsluhættir	Námsmat
Ágúst – október	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki,</li> <li>• Gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni.</li> <li>• Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu,</li> <li>• Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð,</li> <li>• Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum,</li> <li>• Hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum,</li> <li>• Lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu,</li> <li>• Greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir.</li> </ul>	<p>Unnið er með mismunandi efni s.s. timbur tegundir og málm.</p> <p>Nemendur hanni hlut út frá ákveðnu þema og noti til þess samræður, nálgast og skoði ýmsar bækur, tímarit eða fari á netið til að móta hugmyndir sínar og sýni þar með sjálfstæði í vinnubrögðum.</p> <p>Mismunandi yfirborðsmeðhöndlun sýnd með tilliti til hvað henti matvælum og ekki, samsetningar hluta úr járn og timbri.</p> <p>Rétt vinnubrögð við notkun á tækjum og vinnustellingar</p>	Innlögn, sýnikennsla, verklegaræfingar, vettvangsferðir.	Símat kennara þar sem meðal annars horft á sjálfstæði nemenda, virkni, samvinnu þeirra við aðra, frumkvæði að úrlausnum ásamt umgegni og sjálfsmati og síðan afurðin.

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gert sér grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni,</li> <li>• Geti gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra,</li> <li>• Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.</li> </ul>			
--	--	--	--	--

### Námsgrein: Íþróttir

Kennari: Kári, Hrefna og Páll V.

Tímabil	Hæfniviðið	Efnispættir	Kennsluhættir	Námsmat
22. ágúst - 30. sept.	Fjölbreytt hreyfinám Læra klæða sig eftir veðri og vindum Kynnast nánasta umhverfi skólans	Útiþróttir	Boginn, frjálsíþróttavöllur á Þórsvæði, sparkvöllur, útihlaup um nánasta umhverfi skólans, stiginn við stífluna, hjólaleiðir víða um bæinn	Stöðumat, greinandi mat og lokamat
1. október - 16. desember	Fjölbreytt hreyfinám Auka þol, styrk, snerpu og liðleika Kynning á sem flestum íþróttagreinum Efla færni í samskiptum Fræða um heilbrigði	Hlaupa- og hreyfileikir, knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur, blak, boltaleikir, frjálssar íþróttir, badminton, bandý, borðtennis, tennis, fimleikar, þrek og VAL	Leikir ráðandi þáttur	Stöðumat, greinandi mat og lokamat

